

Alþingi
Erindi nr. P 128/1161
komudagur 20.2.2003



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi 19. febrúar, 2003

Efni: Beiðni yðar um umsögn um frumvarp til lyfjalaga og læknalaga, 423. mál á 128. löggjafarþingi; lyfjagagnagrunnar.

Læknafélag Íslands (LÍ) þakkar fyrir að fá mál þetta til umsagnar. Félagið hefur að hluta til áður mótað stefnu til máls af þessu tagi með umsögn sinni til Persónuverndar, dags 12. september s.l. vegna óskar Tryggingastofnunar ríkisins um “útvikkun á leyfi sínu til að taka á mótí rafrænum upplýsingum um afgreiðslu allra lyfja frá apótekum, sbr. þá breytingu sem gerð var á 24. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með lagabreytingu nr. 108/2000”.

Í bréfi sínu til Persónuverndar segir LÍ: “Læknafélag Íslands lýsir því eindregið yfir að félagið er á mótí því að Persónuvernd verði við ósk Tryggingastofnunar ríkisins. Lyfseðill er ávísun á lyf, sem sjúklingur fær fyrir milligöngu læknis. Sú afgreiðsla er einkamál þeirra á milli nema til komi lögbundnar ástæður, sem réttlæta innngrip í slíkt trúnaðarsamband”.

Frumvarpi því, sem til er vísað, er sýnilega ætlað að lögbinda ástæður fyrir því innngripi Tryggingastofnunar ríkisins, sem LÍ mótmælti í tilgreindu bréfi sínu til Persónuverndar. Er stofnuninni m.a. ætlað að starfrækja persónulegan gagnagrunn yfir nánast alla lyfjaneyslu landsmanna með takmörkuðum, tilgreindum aðgangi hennar og tveggja annarra ríkisstofnana. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að hvati þessarar lagasmíðar séu umræður “í þjóðfélaginu um meinta misnotkun mikilvirkra ávana- og fíknilyfja”.

Læknafélag Íslands tók þátt í þeirri umræðu m.a. með bréfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherrans þar sem var lagt til að efla embætti Landlæknis til eftirlits með ávísunum á umrædd lyf. Læknafélag Íslands stendur við þá tillögu sína. LÍ sér hins vegar enga ástæðu til að gera lagaheimildir rýmri til eftirlits með borgurunum en þær, sem tengjast eftirritunarskyldum lyfjum og eftirliti Landlæknis með ávísunum lækna á þau og notkun þeirra í samfélaginu. Aðrar upplýsingar, sem lögbinda þarf aðgang að eru vegna greiðslupátttöku ríkissjóðs í lyfjum og eru þær heimildir nægar að mati Læknafélags Íslands.

Læknafélagið mótmælir harðlega því frumvarpi, sem fyrir liggur, og leggur til að á því verði gerðar nauðsynlegar breytingar, sem falla að sjónarmiðum félagsins.

Virðingarfyllst f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson